

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1786**  
**komudagur 27.2.2013**

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

26. febrúar 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.**  
**Framhald fyrir umsagnar.**

Pingskjal 563 — 449. mál á 141. löggjafarþingi.

Eftir að Auðkenni hafði sent inn umsögn sína vegna þessa frumvarps birtist á vef alþingis umsögn Þjóðskrár Íslands um sama mál. Telur Auðkenni sig knúið til þess að bregðast við nokkrum atriðum sem þar koma fram og upplýsa nefndina betur, meðal annars um þær auðkenningarleiðir sem eru færar í dag.

Í umsögn Þjóðskrár er því haldið fram að Íslendingar hafi hingað til ekki átt auðkenningarleið sem hefur bæði uppfyllt kröfur um öryggi og útbreiðslu. Þessi ummæli þykja Auðkenni undarleg í ljósi raunverulegs framboðs auðkenningarleiða fyrir Íslendinga, þar á meðal verkefna sem íslenska ríkið hefur haft umfangsmikla aðkomu að. Nú þegar hagnýta Íslendingar sér þrjár auðkenningarleiðir, rafræn skilríki á debetkortum, Auðkennislykla og veflykil RSK. Allar þessar leiðir eru útbreiddar en uppfylla mismunandi öryggisstig.

Að frumkvæði ríkisins hefur fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, verið í samstarfi við Auðkenni um uppbyggingu sterkrar auðkenningarleiðar fyrir íslenskan markað, ekki síst til þess að nota við rafrænar kosningar og aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum hjá ríkinu. Í samstarfssamningi milli fjármálaráðuneytisins fyrir hönd ríkisins og Auðkennis fyrir hönd Samtaka fjármálaframtækja, skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að gera rafræn skilríki verkefnisins að meginleið til rafrænnar auðkenningar og undirskrifa. Markmið samstarfsins var að auðvelda, með útbreiðslu rafrænna skilríkja, einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að nýta sér rafræna opinbera þjónustu og möguleika rafrænna samskipta með öruggum hætti. Samstarfið, sem staðið hefur samfleytt frá árinu 2005, var grundvöllur þess að Auðkenni hóf útgáfu og dreifingu fullgildra rafrænna skilríkja á debetkortum til allra landsmanna á árinu 2008. Er sú auðkenningarleið bæði töluvert öruggari en fyrirhugaður „Íslykill“ Þjóðskrár og jafnframt mun útbreiddari. Nú þegar hafa verið framleidd um 330 þúsund debetkort með rafrænum skilríkjum fyrir um 220 þúsund Íslendinga. Það samsvarar því að 85% einstaklinga sem eru 15 ára og eldri séu komnir með fullgild rafræn skilríki. Auk þess hefur um 40% af sama hópi þegar virkjað skilríkin sín og tekið þau í notkun. Virðist því ríkið, samkvæmt því sem kemur fram í umsögn Þjóðskrár, vera að horfa nú til annarra og veikari leiða við auðkenningu í rafrænum kosningum en þeirra sem ríkið sjálft óskaði eftir á sínum tíma.

Þessu til viðbótar hefur Auðkenni rekið Auðkennislyklakerfi fyrir viðskiptabanka og sparisjóði frá árinu 2006, sem jók strax frá upphafi til muna öryggi við innskráningu í netbanka. Nær allir Íslendingar sem eru með netbanka hafa notað Auðkennislyklana með góðum árangri. Þessar tvær auðkenningarlausnir, Auðkennislyklar og rafræn skilríki, hafa verið grundvöllur sterkrar auðkenningar hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum undanfarin sjö ár. Því til viðbótar hafa yfir eitt hundrað þjónustuveitendur nýtt sér rafræn skilríki sem innskráningarleið, eins og greint var frá í fyrri umsögn.

Samkvæmt upplýsingum sem Þjóðskrá vísar til í umsögn sinni hyggst stofnunin dreifa „Íslykli“ til kosningabærra manna í gegnum birtingarkerfi netbanka. Má þannig skilja að stofnunin hyggist treysta á auðkenningarleiðir sem Þjóðskrá fullyrðir að séu ekki til, við dreifingu þeirrar auðkenningarleiðar sem stofnunin hyggst sjálf setja á fót. Verður ekki hjá því komist að spyrja hvers vegna þörf sé á því að setja á fót nýtt skipulag sem verður í beinni andstöðu við það samstarf sem ríkið óskaði eftir að komið væri á.

Loks er mikilvægt að áréttu þann misskilning sem virðist gæta í umsögn Þjóðskrár, þegar kemur að STORK verkefninu svokallaða sem Auðkenni minntist á í lok upphaflegu umsagnarinnar. STORK verkefnið var evrópskt samstarfsverkefni, tilraunaverkefni sem unnið var með styrk frá Evrópusambandinu. Einn hluti þess verkefnis, sem íslenska ríkið tók þátt í, var mótun fullvissustigs auðkenningar (e. assurance level). Niðurstaða verkefnisins var kynnt í þeirri skýrslu sem Auðkenni vísaði til í umsögn sinni.<sup>1</sup> Þessi skýrsla, sem er hluti af verkefni sem styrkt er af Upplýsingatækni-áætlun ESB, verður ekki túlkuð sem „kröfur ESB um fullvissustig“ eins og fullyrt er í umsögn Þjóðskrár. Aðferðafræðin sem skilgreind er í skýrslunni gæti hins vegar hugsanlega orðið grundvöllur slíkra krafna, þegar og ef þær verða settar fram. Nú er í gangi framhaldsverkefni sem ber sama heiti (STORK 2) þar sem unnið er áfram með ýmsa anga rafrænnar auðkenningar og rafrænna samskipta á milli ríkja.<sup>2</sup> Auk þess eru nú í umsögn drög að nýrri reglugerð ESB um rafræna auðkenningu og þjónustu fyrir rafrænar aðgerðir.<sup>3</sup> Ekki er fjallað um fullvissustig auðkenningar þar.

Ef horft er til þeirrar greiningar á fullvissustigi auðkenningar sem fram kemur í áður nefndri skýrslu, uppfyllir Auðkennislykillinn fullvissustig 3 og þau rafrænu skilríki sem Auðkenni gefur út á örgjörvakortum uppfylla fullvissustig 4. Jafnframt má þessu tengt benda nefndinni á að norska ríkið gekk til samstarfs við BankID Norge í nóvember síðastliðnum í þeim tilgangi að hagnýta norsk rafræn skilríki til rafrænnar auðkenningar á þjónustur norska ríkisins.<sup>4</sup>

Ljóst er á því sem að framan greinir að fullyrðing Þjóðskrár um að Íslendingar eigi ekki auðkenningarleið sem uppfylli bæði kröfur um öruggi og útbreiðslu, stenst ekki skoðun.

f.h. Auðkennis ehf.

Elfur Logadóttir, lögfræðingur

---

<sup>1</sup> STORK skýrslan er aðgengileg á slóðinni [https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com\\_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577](https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577)

<sup>2</sup> um framhald STORK verkefnisins má meðal annars lesa í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/STORK.pdf>

<sup>3</sup> COM(2012) 238/2. Proposal for a regulation of the european parliament and of the council on electronic identification and trust services for electronic transactions in the internal market.

<sup>4</sup> sjá m.a. <https://www.bankid.no/Presse-og-nyheter/Nyhetsarkiv/2012/Na-kan-du-bruke-BankID-pa-offentlige-nettsider/>